

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2020, miðvikudaginn 23. september kl. 09:21, var haldinn 82. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Viðstödd var Sigurborg Ósk Haraldsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Ragna Sigurðardóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir og Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(E) Samgöngumál

1. Reinventing Cities 2020-2021 - grænar
þróunarlóðir, kynning Mál nr. US200324

Kynnt staða vinnu starfshóps um grænar þróunarlóðir í Reykjavík

Rebekka Guðmundsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Aukin gjaldskylda á bílastæðum á lóð
Landspítalans í Fossvogi, tillaga -
BSS20030001 Mál nr. US200325

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 17. september 2020, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki eftirfarandi: Að almenn bílastæði austan við Landspítalann í Fossvogi, sem sýnd eru á meðfylgjandi korti, verði gerð gjaldskyld og að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 4 með gjaldskyldutíma virka daga frá kl. 8-16.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Samþykkt er að bílastæði austan megin við Landspítalann í Fossvogi verði gerð gjaldskyld í samræmi við ósk Landspítalans. Ástæða er til að hrósa Landspítalanum og starfsfólki hans fyrir að hafa verið til fyrirmyndar hvað varðar breyttar ferðavenjur undanfarinn áratug.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirkvöld leggja til, að beiðni Landspítala, að fjölga gjaldskyldum bílastæðum vegna aukins álags á spítalann. Það eru sérkennileg rök að tengja aukið álag við mikilvægi þess að fjölga gjaldskyldum bílastæðum. Er það gert til að draga úr álagi, fæla fólk frá því að koma þegar það þarf af nauðsyn að leita aðstoðar á sjúkrahöfnun? Fólk leitar ekki á spítala af gamni sínu og álagið er vegna þess að margir þurfa þjónustu af brýnni nauðsyn. Aðgengi og aðkoma að Landspítala er erfið starfsfólki og sjúklingum bæði við Hringbraut og Fossvog. Í þessu sambandi er vert að minnast á tillögu Flokks fólksins frá 5.3 2019 er varðar bílastæði í kringum Landspítala fyrir þá sem heimsækja spítalann. Það eru ófá dæmin þar sem

fólk lendir í stökustu vandræðum með að finna stæði þar í kring. Ekki er ástandið betra við Fossvog. Verst er þegar fólk er kallað til í neyðartilvikum og getur hvergi fundið bílnum sínum stæði. Lagt var til í þessari tillögu Flokks fólksins að innleiða bifreiðastæðaklukkur í ákveðin stæði næst inngangi bráðamóttöku og fæðingarveildar. Hugmyndin var að borgin myndi leita eftir samstarfi við Landspítalann um innleiðingu bifreiðastæðaklukkur í ákveðin stæði næst inngangi fyrir þá sem þurfa að leggja bíl sínum í skyndi vegna neyðartilfellis.

- Kl. 09:37 tekur Hjálmar Sveinsson sæti á fundinum
- 3. Umsókn um sérmerkt stæði f. Mál nr. US200323
hreyfihamlaðan, Sóleyjargata 13 -
USK2020090035

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 8. september 2020:

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að bílastæði við Sóleyjargötu 13, Fjólugötumegin, verði merkt fyrir hreyfihamlaðan einstakling. Bifreiðastæðið verði merkt með viðeigandi umferðarmerki, D01.22, og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

- 4. Sérmerkt bílastæði fyrir sendiráð Kanada Mál nr. US200329
á Íslandi, tillaga - USK2020090068

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 16. september 2020, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki meðfylgjandi umsókn sendiráðs Kanada á Íslandi, dags. 8. september 2020, um úthlutun tveggja sérmerktra bílastæða í borgarlandi og að þau bílastæði sem nú eru merkt sendiráði Kanada við Kirkjugarðsstíg, verði að almennum bílastæðum.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort það sé ekki barn síns tíma að sendiherra Þjóðríkis fái sérmerkt bílastæði í borgarlandi? Reyndar er hér verið að úthluta stæði vegna flutnings. Nýlega var lögð til breyting á reglum um úthlutun slíkra bílastæða af hálfu samgöngustjóra Reykjavíkur. Sú breyting var lögð til frá gildandi reglum, að felld verði á brott heimild sendiráða til að óska eftir fleiri en tveimur sérmerktum bílastæðum í borgarlandi. Auk þess mætti ekki úthluta bílastæðum innan miðborgarinnar. Ekki er betur séð en hér sé verið að úthluta stæði innan miðborgar. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/uthlutun_sermerktra_bilastaeda_fyrir_sendirad.pdf. Spyrja má hvort ekki sé orðið tímabært að endurskoða samninga í þessu sambandi?

- 5. Almenn stæði f. hreyfihamlaða við Mál nr. US200330
Naustabryggju 31, tillaga -
USK2020090063

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 14. september 2020:

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að milli Naustabryggju 21 og 31 verði bílastæði merkt sérstaklega fyrir hreyfihamlaða.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

(A) Skipulagsmál

6. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 4., 11. og 18. september 2020 september 2020.

7. Laugavegur sem göngugata, nýtt (01.1) Mál nr. SN200577
deiliskipulag

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Laugavegin sem göngugötu, 2. áfanga, sem er í samræmi við samþykkt Borgarstjórnar Reykjavíkur frá 4. september 2018. Í tillögunni felst að hluti Laugavegs og Vatnsstígs verða gerðar að varanlegum göngugötum og samhliða því er unnið að hönnun ýmissa lausna til að bæta götuna og umhverfið. Gert er ráð fyrir að endurnýja allt yfirborð, hellur, gróður, götugögn og lýsingu, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 16. september 2020.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Eyþór Laxdal Arnalds, greiðir atkvæði gegn tillögunni og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Hildur Björnsdóttir og Katrín Atladóttir, sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er í samræmi við samþykta stefnu borgarstjórnar frá september 2018 um að gera Laugavegin að varanlegri göngugötu allt árið. Hér er verið að samþykkja áfanga 2 sem er frá Klapparstíg að Frakkastíg. Tillagan gerir ráð fyrir auknum gróðri og mun stuðla að bættu umferðaröryggi fyrir gangandi vegfarendur sem fara um svæðið. Við fögnum þessum áfanga.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Nýtt Laugavegsstríð er í uppsiglingu og enn á að þrengja að verslun og öðrum viðskiptum á svæðinu. Nú á að stækka göngugötu allt árið yfir Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg auk Vatnsstígs og er þetta hluti þeirra gatna sem flokkaðar voru sem annar áfangi í deiliskipulagslýsingunni. Fyrir skömmu birtust auglýsingar þar sem sagði: „Staðan í miðbæ Reykjavíkur er ískyggileg. Laugavegurinn, sem áður var aðalverslunargata bæjarins, hefur á örskömmum tíma orðið að draugagötu fyrir tilverknað borgaryfirvalda.“ Félagsfundur Miðbæjarfélagsins í Reykjavík mótmælti einnig harðlega árásum í formi götulokana á rekstraraðila og að þær hafi grafið undan atvinnustarfsemi við göturnar og þær feli í reynd í sér eignaupptöku þar sem verslunarhúsnæði verður illseljanlegt og hríðfellur í verði. Hátt í 40 rými eru nú tóm við Laugaveg, frá Snorrabraut að Bankastræti. Það er því einstaklega ósvífið að halda því

fram nú að mikið líf hafi skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði. Einnig er því hafnað að víðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað við hagsmunaaðila. Samráð er ekki samráð þegar skoðun eins aðila ræður för og valtað er yfir aðra. Það heitir einráð og er þar að auki frá stjórnvaldi.

Áheyrnarfulltrú Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekkert af rökum, ábendingum eða tillögum sem hjálpað getur miðbænum að halda lífi hefur náð til skipulagsyfirvalda. Þegar nýr meirihluti tekur við má ætla að flestum þeim aðgerðum sem ekki eru óafturkræfar verði snúið við. En enn eru tvö ár í það. Eins mikið og göngugötur eru skemmtilegar, sér í lagi þær sem aðgengi að er gott og allir geti komist á þær án tillits til hreyfifærni þá eru þessar gerðar í óþökk meirihluta fólks. Sérstakur kafli er um samráð í meðfylgjandi gögnum þar sem segir að víðtækt samráð hafi verið haft við hagsmunaaðila. Sagt er: “Vítækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað. Nú þegar hefur verið rætt við samtök kaupmanna (miðborgin okkar og Miðbæjarfélagið) og Öryrkjabandalið (ÖBÍ) og mun sú vinna halda áfram í gegnum allt hönnunarferlið”. Eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst næst kannast ekki allir þeir sem eru nefndir við að það hafi verið talað nokkuð við þá. Þetta eru því merkilegt ekki síst út frá sálfræðilegu sjónarmiði. Skipulagsyfirvöld fullyrða að rætt hafi verið við fólk sem kannast ekki við að rætt hafi verið við það!

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Reitur 1.172.1 Frakkastígsreitur, breyting (01.172.1) Mál nr. SN200572 á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Vatnsstíg, Hverfisgötu og Frakkastíg, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 21. september 2020.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrú Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs er að færa lóðarmörk frá miðri götu að lóðarmörkum við Laugaveg. Meðfylgjandi er greinargerð frá Landslagi sem í eru ósannindi. Þar segir m.a. að “Laugavegurinn er helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikið aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda.” Þetta er hárrétt. Síðan stendur “Mikið líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði.” Þetta er hins vegar ekki rétt. Nú er lítið líf á Laugavegi og verslanir sem þar eru róa lífróður. Farið var í breytinguna án samtals við fjölmarga rekstraraðila sem vöruðu við lokun á alla umferð. Ótti þeirra reyndist á rökum reistur og hefur verslun hrunið. Með COVID fóru ferðamenn. Þetta er ekki pólitík heldur staðreynd. Hugur fulltrúa Flokks fólksins er hjá þeim sem hrakist hafa í burtu, hjá þeim sem undirbúa brottför og hjá þeim sem vilja reyna áfram í von um „kraftaverk“. Eina von sumra er að með nýjum meirihluta verði breytingar, að hlustað verði meira á fólkið. Í greinargerð Landslags segir réttilega að helstu neikvæðu

umhverfisáhrif breytinganna er að aðgengi að verslun og þjónustu beint frá bíl er verra

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Reitur 1.172.0 Brynjureitur, breyting á (01.172.0) Mál nr. SN200573 deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0 sem afmarkast af Laugavegi, Klapparstíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg og Vatnsstíg, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 21. september 2020.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrú Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs er að færa lóðarmörk frá miðri götu að lóðarmörkum við Laugaveg. Meðfylgjandi er greinargerð frá Landslagi sem í eru ósannindi. Þar segir m.a. að “Laugavegurinn er helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikið aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda.” Þetta er hárrétt. Síðan stendur “Mikið líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði.” Þetta er hins vegar ekki rétt. Nú er lítið líf á Laugavegi og verslanir sem þar eru róa lífróður. Farið var í breytinguna án samtals við fjölmarga rekstraradila sem vöruðu við lokun á alla umferð. Ótti þeirra reyndist á rökum reistur og hefur verslun hrunið. Með COVID fóru ferðamenn. Þetta er ekki pólitík heldur staðreynd. Hugur fulltrúa Flokks fólksins er hjá þeim sem hrakist hafa í burtu, hjá þeim sem undirbúa brottför og hjá þeim sem vilja reyna áfram í von um „kraftaverk“. Eina von sumra er að með nýjum meirihluta verði breytingar, að hlustað verði meira á fólkið. Í greinargerð Landslags segir réttilega að helstu neikvæðu umhverfisáhrif breytinganna er að aðgengi að verslun og þjónustu beint frá bíl er verra

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Reitur 1.172.2, breyting á deiliskipulagi (01.172.2) Mál nr. SN200571

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Grettisgötu og Klapparstíg. Í breytingunni felst að mörkum deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkum við Laugaveg, Klapparstíg og Frakkastíg, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 21. september 2020.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrú Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs er að færa lóðarmörk frá miðri götu að lóðarmörkum við Laugaveg. Meðfylgjandi er greinargerð frá Landslagi

sem í eru ósannindi. Þar segir m.a. að “Laugavegurinn er helsta verslunargata Reykjavíkur frá fornu fari og hefur vegna sögu og starfsemi mikið aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi bæði innlenda og erlenda.” Þetta er hárrétt. Síðan stendur “ Mikið líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu misseri þar sem takmarkanir á bílaumferð hafa gert gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði.” Þetta er hins vegar ekki rétt. Nú er lítið líf á Laugavegi og verslanir sem þar eru róa lífróður. Farið var í breytinguna án samtals við fjölmarga rekstraraðila sem voru við lokun á alla umferð. Ótti þeirra reyndist á rökum reistur og hefur verslun hrundið. Með COVID fóru ferðamenn. Þetta er ekki pólitík heldur staðreynd. Hugur fulltrúa Flokks fólksins er hjá þeim sem hrakist hafa í burtu, hjá þeim sem undirbúa brottför og hjá þeim sem vilja reyna áfram í von um „kraftaverk“. Eina von sumra er að með nýjum meirihluta verði breytingar, að hlustað verði meira á fólkið. Í greinargerð Landslags segir réttilega að helstu neikvæðu umhverfisáhrif breytinganna er að aðgengi að verslun og þjónustu beint frá bíl er verra

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Grensásvegur 1, breyting á deiliskipulagi (01.460.0) Mál nr. SN200550
670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur
681212-0860 Archus slf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 7. september 2020 ásamt bréfi dags. 10. ágúst 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi "Skeifan-Fenin" vegna lóðarinnar nr. 1 við Grensásveg. Í breytingunni felst að bætt er við skilmálatekta heimild til þess að gera íbúðir á jarðhæð að inngarði í húsum C og syðst í húsi B og heimil notkun B er skilgreind nánar. Einnig er heimild fyrir fjölda hæða í bílakjallara breytt, samkvæmt uppdr. Batterísins arkitekta dags. 31. júlí 2020.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur nú skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að bregðast við beiðni um meiri sveigjanleika í þessu tiltekna verkefni, en ástæða er til að viðhafa sveigjanleika mun víðar. Auka þarf sveigjanleika í skipulagi Reykjavíkurborgar, ekki síst með notkunarheimildir jarðhæða, en stífir skilmálar leiða til ójafnvægis á húsnæðismarkaði. Mikið framboð er á atvinnurými. Ekki síst á jarðhæðum. Þá er mikið af húsnæði í þróun og byggingu sem ekki hefur sveigjanlegar heimildir.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

12. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1082 frá 8. september 2020 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1083 frá 15. september 2020.

(D) Ýmis mál

13. Yfirlit yfir verkefni innkaupaskrifstofu fyrir Mál nr. US200293
ágúst 2020, f.h. umhverfis- og
skipulagssviðs Reykjavíkur -
USK2020020031

Lögð eru fram yfirlit yfir verkefni innkaupaskrifstofu fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur fyrir ágúst 2020.

14. Tjarnargata 38, málskot (01.142.2) Mál nr. SN200552
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot P ARK teiknistofu dags. 4. september 2020 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 5. júní 2020 um að setja bílastæði á lóð nr. 38 við Tjarnargötu.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 5. júní 2020, staðfest með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins sér ekki að fyrir liggi gild rök fyrir að synja þessari heimild um að staðsetja bílastæði á lóð nr. 38 við Tjarnargötu. Sótt var um að bæta við innkeyrslu og bílastæði á lóðinni sunnan við húsið þar sem koma mætti fyrir hleðslustöð fyrir rafmagnsbíl innst á svæðinu. Engin innkeyrsla er á lóðinni í dag. Þó nokkur dæmi eru um innkeyrslur á nágrannalóðum og nokkur húsana við Tjarnargötu eru einnig með bílskúr á lóðinni svo ekki skortir fordæmi. Rök umsækjanda í málinu er góð og gild og mun þessi framkvæmd minnka bílastæðavandann í borginni. Ekkert bílastæði fylgir húsinu eins og mörgum húsum við götuna. Engin bílastæði eru á götunni framan við húsið og því ekki verið að fjarlægja bílastæði við þessa framkvæmd. Stæðin hinu megin við götuna eru fyrir almenning. Rök skipulagsyfirvalda í þessu máli eru veik að mati fulltrúa Flokks fólksins.

15. Laugavegur, Bolholt, Skipholt, kæra (01.251.1) Mál nr. SN200455
61/2020, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. júlí 2020 ásamt kærðu dags. 14. júlí 2020 þar sem kærð er samþykkt borgarráðs frá 19. mars 2020 á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir reit sem afmarkast af Laugavegi til norðurs, Bolholti til Suðurs, Skipholti til suðurs og Laugavegi 174 og Skipholt 31. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 17. september 2020.

16. Gufunes, áfangi 1, kæra 79/2020, umsögn (02.2) Mál nr. SN200559
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 3. september 2020 ásamt kærðu dags. 3. september 2020 þar sem kærð er útgáfa framkvæmdaleyfis vegna Gatnagerðar í Gufunesi, áfanga 1. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 9. september 2020.

17. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Mál nr. US200275
fólksins, varðandi nýtt hverfisskipulag
Breiðholts, umsögn

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa, dags. 11. september 2020.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins bað um upplýsingar um aðsókn á viðverufundina og fjölda þeirra sem fóru í göngutúra um hverfið í tengslum við kynningu nýs hverfisskipulags Breiðholts. Einnig var óskað upplýsinga um fjölda ábendinga sem hafa borist og að þær verði flokkaðar eftir innihaldi og aldursdreifingu gesta. Í svari koma fram skráningar en ekki náðist að skrá alveg alla sem komu í viðveru. Hlaupa þessar tölur á einhverjum hundruðum en ef allt er talið nær fjöldi kannski að vera um þúsund manns. Í Breiðholti búa yfir 20. þúsund manns. Segja má að þessi viðvera hafi því skilað kynningu/ upplýsingum til lítils brots af íbúum. Hér er um að ræða gríðarlegar breytingar sem gera á í Breiðholti, sumar sannarlega tímabærar en aðrar afar umdeildar og róttækar. Þá ber helst að nefna að fólk sem notar einkabíl mun eiga erfitt um vik að búa í Breiðholti þar sem fjölga á íbúðum um 3000 en ekki bílastæðum í neinu samræmi við það heldur byggja íbúðir á fyrirliggjandi bílastæðum. Það er mat Flokks fólksins að fara þarf hægt hér svo sömu mistökin sem urðu á Laugavegi verði ekki endurtekin. Halda þarf íbúafundi. En það er ekki hægt um þessar mundir. Spurt var um aldursdreifingu þeirra sem mættu til kynningar en ekki er til skráning um það.

18. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, varðandi nýtt hverfisskipulag Breiðholts, umsögn Mál nr. US200280

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagfulltrúa, dags. 11. september 2020.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir að fá það sundurliðað hvaða hugmyndir sem birtar eru í vinnutillögum nýs hverfisskipulags Breiðholts komu frá íbúum sjálfum og hvaða tillögur komu frá borgar- og skipulagsyfirvöldum eða öðrum? Var það t.d. ósk íbúa Breiðholts að svo mikil þétting byggðar yrði? Í svari segir að vinnutillögur byggja á samráði sem fór fram á árunum 2015-2017. Ítarlega er gerð grein fyrir þessu samráði í skýrslunni Borgarhluti 6, Breiðholt. Það sætir furðu hvað allt þetta „samráð“, boð um samráð hafi farið fram hjá mörgum í Breiðholti. Ótal margir hafa stigið fram og segjast ekkert kannast við að hafa fengið upplýsingar um fundi eða beðnir að bregðast við hugmyndum hvað þá senda inn hugmyndir. Það búa yfir 20 þúsund manns í Breiðholti. Hér er ekki um ræða lítið hverfi. Fólk man sem dæmi ekki eftir að hafa verið sendur neinn póstur um allt þetta samráð. Rýnihópar? Hvað margir af þeim 20 þúsund sem búa í Breiðholti höfðu aðgang að þeim? Segir í svari að mæting hafi verið ágæt eða frá 8 til 11 í hverjum hópi eða um 50 manns. Hverjir voru þessir fulltrúar borgarinnar og ráðgjafar sem setja áttu sig í spor íbúa. Ef hugmynd er óvinsæl hjá mörgum er sagt að hún hafi komið frá íbúa?

19. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, varðandi uppbyggingu í Skerjafirði, umsögn Mál nr. US200238

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagfulltrúa, dags. 18. september 2020.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ástæða fyrir spurningu fulltrúa Flokks fólksins var að í gögnum um uppbyggingu í Skerjafirði kemur fram að draga eigi úr byggingarheimildum atvinnusvæðis í Skerjafirði. Í svari segir að „við vinnslu deiliskipulagstillögunnar nýju var ákveðið að minnka miðsvæði á þróunarreit nr. 5 á kostnað íbúðarbyggðar og þar með minnka umfang atvinnuhúsnaðis.“ Auk þess má reikna með að byggingarmagn

atvinnuhúsnæðis minnki all nokkuð frá gildandi skipulagi en á skilgreindum miðsvæðum meðfram umferðarleiðum er miðað við að íbúðir verði að jafnaði á efri hæðum eins og segir í svari. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort það sé pólitísk ákvörðun að minnka atvinnustarfssemi í Skerjafirði og almennt í hverfum borgarinnar nema þeim sem eru miðsvæðis. Fulltrúi Flokks fólksins hefur haldið að það sé vilji meirihlutans að fólk þurfi sem minnst að hreyfa sig út úr hverfi enda samgönguæðar sprungnar og ekki hægt að stóla á borgarlínu eða Fossvogsbrú næstu árin. Stærstu áhyggjurnar eru hvernig fólk á að komast í og úr hverfi. Skerjafjörður má ekki lokast af, verða einhver afkimi þar sem aðgengi verður erfitt. Slíkt mun rýra gildi fasteigna sem þarna verða.

20. Laugavegur sem göngugata, nýtt (01.17) Mál nr. SN190399
deiliskipulag

Lagt fram leiðrétt bréf borgarstjóra dags. 9. september 2020 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 18. febrúar 2020 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Laugaveg sem göngugötu.

21. Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, breyting á (04.0) Mál nr. SN200442
deiliskipulagi vegna lóðar G
560611-0210 Sedrus ehf., Hlíðasmára 6, 201 Kópavogur
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. september 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæði 4, vegna lóðar G.

22. Súðarvogur 9-11, breyting á deiliskipulagi (01.145.3) Mál nr. SN200470
290166-5439 Bjarki Andrew Brynjarsson, Haukanes 23, 210 Garðabær
470610-0930 Súðarvogur 9 ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. september 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar 2 vegna lóðarinnar nr. 9-11 við Súðarvog.

23. Vesturgata 67, breyting á deiliskipulagi (01.133.1) Mál nr. SN200102
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. september 2020 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á breytingu á deiliskipulagi milli Seljavegar og Ánanaust vegna lóðarinnar nr. 67 við Vesturgötu.

24. Furugerði 23, breyting á deiliskipulagi (01.807.4) Mál nr. SN170927
640517-0850 EA11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. september 2020 vegna samþykktar borgarstjórnar frá 1. september 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Furugerði 23.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Mistök hafa leitt til þess að þessi lóð fer nú aftur í auglýsingu. Ferlið hefst að nýju og fær íbúaráðið tækifæri til að fjalla um málið en aðilar ráðsins hafa lýst yfir áhyggjum. Enn og aftur snúast áhyggjur íbúa mest um skort á bílastæðum en á svæðinu er nú þegar takmarkað magn bílastæða. Og enn og aftur er kvartað yfir samráðsleysi og að óskir íbúa séu hundsáðar. Meðal athugasemda frá íbúum var að grunnt væri niður á klöpp á svæðinu og mikið þarf að sprengja með tilheyrandi hættu á skaða. Í byggingaráætlunum er fyrir séð að húsnæði mun ekki uppfylla hljóðvistarkröfur. Þröngt er um

húsnæði á svæðinu og lítið pláss fyrir gangstéttir. Því verður þröngt um byggingar þarna. Nú er tækifæri til að ljá íbúum eyru og vonar fulltrúi Flokks fólksins til að betur verði hlustað á íbúa.

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US200316

Fulltrúi Flokks fólksins leggur jafnframt til að umhverfis- og skipulagssvið búi til íslenskar leiðbeiningar um hraðahindranir og blikkljós sem henta Reykvískri umferð í stað þess að nota norskar eða danskar reglur án mikillar skoðunar hvort þær henti hér í borg. Þessi mál eru í nokkrum ólestri nú. Í Reykjavík eru hraðahindranir stundum þrenging, stundum einstefna þar sem einn og einn bíll fer í gegn í einu. Bungur eru mismunandi. Ómögulegt er fyrir þann sem ekki þekkir götuna að vita hvað bíður, hvernig bunga bíður. Fulltrúi Flokks fólksins vill nefna að það er ekki nóg að setja skilti sem á stendur hraðahindrun þegar þær eru síðan af mismunandi gerðum. Ekki er haldið utan um frávik. Af svari að dæma er óhætt að segja að verkefni sem snúa að hraðahindrunum hafa ekki verið nægjanlega vel unnin af umhverfissviðinu, bretta þarf upp ermar hér.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt svörum frá Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar er stuðst við Håndbok V128 Fartsdempende Tiltak, við gerð hraðahindrana og hafa norrænar leiðbeiningar og staðlar um hraðahindranir reynst vel við íslenskar aðstæður.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni hefur verið hafnað sem er sérstakt. Rökin eru aðeins þau að við gerð hraðahindrana hafa norrænar leiðbeiningar og staðlar um hraðahindranir reynst vel við íslenskar aðstæður. Fulltrúi Flokks fólksins er að leggja til að gerðar verði íslenskar leiðbeiningar en ekki sé verið að taka „allt“ upp eftir Norðmönnum. Það virðist gleymast stundum að Reykjavík er ekki Osló. Sjálfsagt er að stunda nám í erlendum borgum, sjá hvernig þær haga sínum málum og koma heim til starfa með vissa þekkingu og grunn. Enn það er ekki hægt að flytja allar aðferðir/reglur og leiðbeiningar frá Noregi eða Danmörku og smella því inn í Reykvískar aðstæður. Hraðahindranir eru í of mörgum útfærslum hér og merkingar ábótavant. Það væri til bóta að merkingar um hraðahindrum sýni það sem framundan er, einstefna.. hvernig bunga o.s.frv. Mikilvægt er að halda utan um frávik, öðruvísi er erfitt að læra af reynslu. Allt sem er óreiðukennt skilar oftast litlum eða slökum árangri og skapar fólki erfiðleika.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurnir, Mál nr. US200317

Áformað er að leggja Arnarnesveg vestan í Vatnsendahvarfi, sem yrði 1.3 km. langur þjóðvegur í þéttbýli. Hann er á samgönguáætlun 2021, í samræmi við umhverfismat frá 2003, en síðan hafa forsendurnar breyst mikið. Hér áður fyrr var þessi vegur nefndur Ofanbyggðarvegur á skipulagsuppdráttum. Fyrri liður: Hver er afstaða Skipulags- og samgönguráðs og Reykjavíkurborgar til lagningar Arnarnesvegar í Vatnsendahvarfi með mislægum gatnamótum við Breiðholtsbraut í nábýli við fyrirhugaðan Vetrargarð skv. nýju hverfisSKIPULAGI í Breiðholti, með fyrirsjáanlegum landspjöllum á verðmætu útivistarsvæði? Seinni liður: Telur Reykjavíkurborg lagningu Arnarnesvegar í Vatnsendahvarfi, á

mörkum Reykjavíkur og Kópavogs, forgangsverkefni í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu miðað við t.d. Sundabraut og Vesturlandsveg á Kjalarnesi?

Fyrirspurnunum er vísað frá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Ekki er hægt að beina fyrirspurnum til fagráða.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurnum hefur verið vísað frá. Í bókun segir meirihlutinn að ekki sé hægt að beina fyrirspurnum til fagráða. Hvað er átt við? Lagðar eru fram fjöldi fyrirspurna í hverri viku til allra fagráða borgarinnar. Það er skylda stjórnvalds að svara fyrirspurnum sem kjörinn fulltrúi sendir inn með formlegum hætti. Fyrirspurnir þessar koma frá breiðum hópi sem óttast mjög að hinn græni meirihluti skipulags- og samgöngusviðs ætli að láta nágrannasveitarfélagið Kópavog þrýsta sér út í að gera stórmistök, skipulagsslys sem eyðilegging Vatnsendahvarfs er þegar sprengja á hraðbraut þvert yfir hæðina. Borgarþúar eiga rétt á svörum. Spurt var: hver er pólitísk afstaða Skipulags- og samgönguráðs og Reykjavíkurborgar til lagningar Arnarnesvegur í Vatnsendahvarfi með mislægum gatnamótum við Breiðholtsbraut í nábýli við fyrirhugaðan Vetrargarð skv. nýju hverfisskipulagi í Breiðholti, með fyrirsjáanlegum landspjöllum á verðmætu útivistarsvæði? Telur Reykjavíkurborg lagningu Arnarnesvegur í Vatnsendahvarfi, á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs, forgangsverkefni í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu miðað við t.d. Sundabraut og Vesturlandsveg á Kjalarnesi? Fyrirspurnirnar verða aftur senda inn með formlegum hætti og þess er krafist að svör berist

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu,

Mál nr. US200319

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að kannaðir verði aðrir og mun ódýrari kostir til að liðka fyrir umferð frá Rjúpnavegi og norður á Breiðholtsbraut, svo sem með einfaldari vegartengingu ofar í Vatnsendahvarfi á milli Rjúpnavegar, Tónahvarfs og Breiðholtsbrautar, án mislægra gatnamóta þar. Einnig er lagt til að leyfa akstur slökkvibífi á milli Salahverfis í Kópavogi og Seljahverfis í Breiðholti með tengingu úr Jaðarseli neðan Lambasels, en þar er nú fyrirhugað að leyfa umferð strætisvagna. Vinir Vatnsendahvarfs hafa bent á að fjöldi fólks nýtir sér hæðina daglega til göngu og hjólaferða, sem og til að njóta útsýnisins. Vatnsendahvarf (einnig þekkt sem Vatnsendahæð) er gróðursælt útivistarsvæði sem liggur á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Fyrirhugaður Arnarnesvegur frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut sem á að vera lagður að árið 2021 mun skera hæðina í tvennt og breyta algjörlega ásjón og notagildi hæðarinnar til frambúðar. Vegaframkvæmdin byggir á nær 18 ára gömlu umhverfismati. Vegna þess, sem fjölmargir þ.m.t. Vinir Vatnsendahvarfs telja alvarleg skipulagsmistök, er áformað að vegurinn kljúfi vesturhlíð Vatnsendahvarfs og eyðileggja þar með verðmætt útivistarsvæði. Í nyrsta hluta þess eru hinar vinsælu skíðabrekkur upp af Jafnaseli og fyrirhuguð staðsetning fyrir Vetrargarð Reykjavíkur og nágrennis en vegurinn mun koma til með að þrengja verulega að Vetrargarðinum.

Tillagan er felld.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Arnarnesvegur er hluti af Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og samvinnuverkefni Reykjavíkur, Kópavogs og Vegagerðar. Ekki stendur til að taka einhliða ákvarðanir sem myndu fela í sér brot á umræddum sáttmála.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillaga Flokks fólksins um að kannaðir verði aðrir og mun ódýrari kostir til að liðka fyrir umferð frá Rjúpnavegi og norður á Breiðholtsbraut hefur verið felld. Rökin eru að ekki standi til að taka einhliða ákvarðanir sem myndu fela í sér brot á samgöngusáttmála. Aðrar vænlegri leiðir eru í boði sem ekki munu eyðileggja verðmæt græn svæði. Fulltrúi Flokks fólksins, Breiðhyltingar og Vinir Vatnsendahvarfs eiga rétt á því að fá rök fyrir af hverju skipulagsyfirvöld sem leggja alla áherslu á vernd grænna svæða, bíllausan lífsstíl og minnka losun ætlar að leggja veg sem sker í sundur hæð sem skartar fjölbreyttum gróðri og falletgu útsýni yfir borgina og þar sem auk þess á að koma Vetrargarður með tilheyrandi afþreyingu fyrir breiðan aldurshóp. Hugmynd um huggulegan Vetrargarð er lítils virði ef hraðbraut á að liggja nálægt honum. Aðrar færar leiðir blasa við. Þess í stað kjósa borgaryfirvöld sem kenna sig við grænar áherslu að notast við 18 ára gamalt umhverfismat þegar kemur að þessari framkvæmd, og hvaða fordæmi eru fyrir því í borginni að svona gamalt umhverfismat hafi verið látið standa? Vinir Vatnsendahvarfs hafa bent á að fjöldi fólks nýtir sér hæðina daglega til göngu og hjólaferða, sem og til að njóta útsýnisins.

28. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US200318

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að endurskoðun fari fram á þeim áformum Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Vegagerðarinnar að leggja Arnarnesveg vestan í Vatnsendahvarfi sem er 1.3 km langur þjóðvegur í þéttbýli á milli Rjúpnavegar í Kópavogi og Breiðholtsbrautar í Reykjavík. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að fyrirhugaður Arnarnesvegur verði ekki lagður í Vatnsendahvarfi og að nýtt umhverfismat verði gert fyrir vestanvert Vatnsendahvarf.

Tillagan er felld.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Arnarnesvegur er hluti af Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og samvinnuverkefni Reykjavíkur, Kópavogs og Vegagerðar. Ekki stendur til að taka einhliða ákvarðanir sem myndu fela í sér brot á umræddum sáttmála.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

